

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
starfsárið 2018**

Janúar 2019

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	3
1. Inngangur.....	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni.....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk	4
2.2 Samstarfsaðilar.....	4
2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni.....	6
3. Útgáfa og vefir	7
3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla	7
3.2 Vefir stofnunarinnar	9
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar.....	10
4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið.....	10
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar.....	11
4.3 Morgunverðarfundir.....	12
5. Fjármál stofnunarinnar	12
Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2018	14
Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla árið 2018	16

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2018 var sextánda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og nefna ber nokkur atriði sem settu mark sitt á starfsárið.

Stofnunin leitaðist sem fyrr við að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði í nánu samstarfi við Stjórn málafræðideild og kennara hennar, og má þar nefna umsjón stofnunarinnar með Valds- og lýðræðisrannsókninni og nýrri rannsókn Gunnar Helga Kristinsson um lögmæti, en sú rannsókn er fjármögnuð með verkefnastyrk frá Rannís til þriggja ára. Á haustmánuðum var skrifað undir samstarfssamning við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um stofnun Rannsóknaseturs um sveitarstjórn mála með aðsetur í húsnæði háskólans á Laugarvatni. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára, en starfssemi setursins hófst í byrjun árs 2019. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg var endurnýjaðir á vormánuðum og í þetta sinn til þriggja ára. Útgáfa tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla var mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar eins og fyrri ár. Tímaritið gaf út í fyrsta skiptið sérhefti sem var tileinkað niðurstöðum úr valds- og lýðræðisrannsókninni. Stofnunin tók að sér umsjón með útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál á vormánuðum 2017 og umsvifin í þeirri útgáfu stórkjóst á árinu 2018, en tímaritið kemur út í vefútgáfu tvisvar á ári. Mikil breidd var í viðfangsefnum námskeiðanna sem stofnunin skipulagði fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum, og var aðsókn að þeim einstaklega góð. Sem fyrr voru haldnir fjöldi opinna funda um rannsóknir fræðimanna og um málefni líðandi stundar í samstarfi við ýmsa aðila. Einnig skal nefnt að fjármál stofnunarinnar eru komin í jafnvægi og tekist hefur að vinna á þeim halla sem núverandi ábyrgðarmenn stofnunarinnar tóku við árið 2015.

Gengið var frá fastráðningu Láru Hrannar Hlynsdóttur í 100% stöðugildi verkefnisstjóra á aðal-skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík í nóvember, en hún hafði þá starfað í hlutastarfi frá því í september 2017. Einnig var gengið frá ráðningu Helgu Kristínar Sæbjörnsdóttur í starf verkefnisstjóra fyrir rannsóknasetrið á Laugarvatni rétt fyrir jól.

Margrét S. Björnsdóttir, stjórnarformaður, og Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Starfsemi stofnunarinnar starfsárið 2018 fylgdi sömu áherslum og fram koma í stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2013-2014 þar sem eftirfarandi verkefni voru þá skilgreind af stjórn sem áhersluþættir í starfssemi stofnunarinnar:

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstaða með útgáfu tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs Stjórn málafræðideildar.
2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.
3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórn mála og málefni líðandi stundar.
4. Fjármál og reglur stofnunarinnar.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 16. starfsári hennar árið 2018.

2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefni þrjár menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Margrét S. Björnsdóttir, formaður stjórnar, Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson. Aðrir í stjórn eru: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ og skipaður af rektor, Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en hún er fulltrúi forsætisráðuneytisins í stjórn, og Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofurstjóri á skrifstofu borgarstjóra, fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Starfsfólk stofnunarinnar árið 2018 voru Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður, og Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri.

2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Umboðsmann Alþingis og aðrar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórn málaflokka, stéttarfélag og önnur félagsamtök. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi

sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Háskóli Íslands skrifuðu undir samning um stofnun Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál um miðjan október 2018. Rannsóknasetrið er hluti af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, en starfsstöð þess verður í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og nemur heildarstuðningur ráðuneytisins 36 milljónum kr. á tímabilinu. Hlutverk rannsóknasetursins er að vera í senn rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun fyrir sveitarstjórnarstigið og sinna rannsóknum sem styðja við opinbera stefnumótun og ákvarðanir í málefnum sveitarfélaga og á sviðum byggða-, samgöngu- og samskiptamála. Rannsókn- og verkefnaáherslur þess munu m.a. snúa að hlutverki og stöðu kjörinna fulltrúa í byrjun 21. aldar, aðkomu íbúa að ákvörðunum sveitarstjórna, samspili dreifbýlis og þéttbýlis í sameinuðum sveitarfélögum og áhrifum stórborgarmyndunar á samskipti sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknarstjóri setursins er Eva Marín Hlynsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Stjórn málafræðideild, en forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er jafnframt forstöðumaður setursins. Í árslok 2018 var gengið frá ráðningu verkefnisstjóra við setrið sem mun hafa starfsstöð í húsnæði Háskólans á Laugarvatni, en starfssemi setursins hófst í janúar 2019.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikill styrkur. Í maí var skrifað undir þjónustusamning við Reykjavíkurborg til þriggja (2018-2020). Samningurinn er fjórþættur: 1. þjónustuverkefni, 2. stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn borgarinnar, 3. hugmyndabanki um rannsóknarverkefni og, 4. þátttaka í námskeiðum í opinberri stjórnsýslu og kynjafræðum.

Eins og fyrri ár stóð stofnunin fyrir sex vikna námskeiði í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið í byrjun árs, en stofnun og ráðuneytið hafa átt með sér samstarf um námskeiðahald frá árinu 2005.

Samstarf stofnunarinnar við Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE) hélt áfram á árinu 2018, en stofnunin hefur umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskipafræðideild HÍ og Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritrýndum greinum sem kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfunda og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál, útgáfuboð og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í vefútgáfu árið 2018, í júní og svo aftur í desember og þá var haldin kynning og útgáfuboð. Vefsíða tímaritsins er: www.efnahagsmal.is

Samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur alla tíð verið mjög farsælt og hefur leitt af sér viðamikla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og

efnahagsráðuneytisins sérstaklega getið. Samstarf stofnunarinnar og FFR árið 2018 fólst í að standa fyrir morgunverðarfundum og námskeiðum um málefni stjórnsýslunnar. Sjá nánari umfjöllun um morgunverðarfundum og námskeið sem stofnunin og FFR stóðu saman að á árinu í köflum 4.1 og 4.3 og yfirlit í viðauka 1.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náið samstarf um skipulagningu á viðburðum við Félag stjórn málafræðinga og Íslandsdeild Norræna stjórnsýslusambandsins, kennara Stjórn málafræðideildar, og rannsóknarstofnanir við aðrar deildir háskólans. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni líðandi stundar sem stofnunin stóð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

Stofnunin hefur í gegnum tíðina tekið þátt í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hér er annars vegar átt við þátttöku í fundum Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnsýslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Einnig hafa norrænir samstarfsaðilar haft með sér sérstakt tengslanet undir heitinu Nordic Civil Service Training Institute Network. Forstöðumaður stofnunarinnar tók ekki þátt í fundum á þessum samstarfsvettvangi á árinu 2018.

2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veiga mest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu:

2.3.1 Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs. Rannsóknarverkefnið hefur verið vistað hjá stofnuninni síðan í maí 2015. Um er að ræða rannsóknarverkefni til fjögurra ára (2014-2018) þar sem athyglinni er beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórn mála flokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs hafa tekið þátt í verkefninu. Stofnunin hefur séð um rekstur verkefnisins í samstarfi við rannsóknarstjóra. Í lok maí kom út sérhefti hjá tímaritnu Stjórn mála & stjórnsýsla með tíu greinum sem allar byggðu á rannsóknum í verkefninu, en Guðmundur H. Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, var gestaritstjóri sérheftisins. Sama dag og sérheftið kom út var haldin útgáfuráðstefna þar sem höfundar efnis í sérheftinu kynntu greinar sínar. Rannsóknarverkefninu er ekki að fullu lokið þar sem enn á eftir að koma út bók um áhrifahópa í íslensku samfélaginu, en áætluð útgáfa hennar er á haustmánuðum 2019. Starfsmenn stofnunarinnar aðstoðuðu við gagnaöflun og úrvinnu fyrir efni bókarinnar, en umsýsla stofnunarinnar við verkefnið 2018 fólst einnig í skipulagningu fyrir útgáfuráðstefnuna, uppfærslu á vefsíðu verkefnisins, og fjármálaumsjón. Á vefsíðu verkefnisins má sjá afrakstur rannsókna verkefnisins frá 2014-2018 (www.vol.hi.is).

2.3.2 Rannsóknarverkefni um lögmæti. Í ársbyrjun hlaut rannsóknarverkefnið *Hefur lögmæti ábrif?* (e. Does legitimacy make a difference?) þriggja ára (2018-2020 verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknarsjóði Íslands (Rannís). Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, en aðrir þátttakendur eru Eva Heiða Önnudóttir, dósent við Stjórn málafræðideild HÍ, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður

Félagsvísindastofnunar HÍ, Gissur Erlingsson, dósent við University of Linköping, Indriði H. Indriðason, dósent við University of California – Riverside og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála. Hlutverk stofnunarinnar í verkefnum felst í aðstoð við gagnaúrvinnslu, fjármálaumsýslu og hafa umsjón með viðburðum og kynningu á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Hluti af rannsókninni er umfangsmikil spurningakönnun sem nýtir tilraunaaðferðir félagsálfræðinnar. Rannsóknarniðurstöður verkefnisins verða kynntar í viðurkenndum fræðiritum og með ráðstefnuhaldi.

2.3.3 Þátttaka í faghópi III vegna fjórða áfanga Rammaáætlunar. Á haustmánuðum tók forstöðumaður stofnunarinnar sæti í faghópi 3 í verndar- og orkunýtingaráætlunar umhverfis- og auðlindarráðuneytisins (í daglegu tali nefnd Rammaáætlun). Verkefni faghóps 3 er að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið, svo sem áhrifa á félagslega velferð íbúa, samfélagslegra fjölbreytni, samskipti og samstöðu. Faghópi 3 er einnig ætlað að þróa aðferðarfræði sem nýtast á við mat á virkjunarvalkostum í 4. áfanga Rammaáætlunar. Skipunartími faghópsins er til apríl 2021.

2.3.4 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti. Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála síðla árs 2016. Engir viðburðir voru skipulagðir á vegum setursins árið 2018.

2.3.5 Rannsóknaborð. Rannsóknaborðið er samstarfsvettvangur kennara Stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Tilgangur rannsóknaborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórn mála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórn mála og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu. Á árinu 2018 voru skipulögð tvö rannsóknarborð. Fyrst í febrúar þar sem Silja Bára Ómarsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild var með kynningu á doktorsrannsókn sinni sem hluti af undirbúningi fyrir doktorsvörn hennar við Háskólann í Cork á Írlandi. Síðan í nóvember þar sem Gunnar Helgi Kristinsson kynnti vinnupappír hans og Indriða H. Indriðasonar um lögmæti (Rational legitimacy: A state-centered approach).

Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is má finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórn málafræðideildar undir Rannsóknaráherslur fræðimanna.

3. Útgáfa og vefir

3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla frá árinu 2005. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórn mála aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tölublöðin eru öllum aðgengileg

á vefsíðunni www.irpa.is sem skammstöfun á ensku heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration - IRPA*. Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í byrjun júní þetta starfsárið. Um 103 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 13 opinberar stofnanir sem styðja útgáfuna sérstaklega með hærri styrktaráskrift. Einnig hefur Seðlabanki Íslands styrkt útgáfuna með fjárframlagi. Tímaritið hefur á síðustu árum eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2018 hafa birst 243 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember, auk sérheftis í maí (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Í maí kom út *sérhefti um vald og lýðræði í íslensku samfélagi* með tíu ritrýndum greinum auk inngangsgreinar gestarítstjórans Guðmundar H. Frímanssonar, prófessors við Háskólann á Akureyri. Var þetta í fyrsta skiptið sem tímaritið gaf út sérhefti, en allar greinar þess byggðu á niðurstöðum úr Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs. Við útgáfu vef tímaritsins í júní og desember var boðið til útgáfuhófs þar sem höfundum var gefið tækifæri til að kynna efni greinar sinni. Í útgáfubodinu í júní kynnti Silja Bára Ómarsdóttir grein sína, *Sýn Íslendinga á utanríkis- og öryggismál*, en í júníheftinu voru sjö ritrýndar greinar. Í útgáfubodinu í desember kynnti Agnar Freyr Helgason grein sína, *Starfsstéttir og kosningabegðun á Íslandi: Hafði brunið ábrif?*, en því tölublaði voru fjórar ritrýndar greinar.

Það fjölgaði í ritstjórn tímaritsins á árinu, úr þremur í sex. Gunnar Helgi Kristinsson, Margrét S. Björnsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir sátu í ritstjórn eins og fyrri ár. Ný inn í ritstjórn komu Eva H. Önnudóttir, dósent, Eva Marín Hlynisdóttir, dósent og Agnar Freyr Helgason aðjúnkt, en þau starfa öll við Stjórn málafræðideild HÍ. Umsjón með útgáfunni hafði forstöðumaður stofnunarinnar, Sjöfn Vilhelmsdóttir, en Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig starfandi ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritrýndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórn mála &

stjórnsýsla eru því metnar í hæðsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu árið 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita, og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Ritstjórn og útgefandi hafa unnið að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í Scopus gagnagrunninum.

Tímaritið er með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, en þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Sem útgefandi tímaritsins er stofnunin meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi 2005 fengið slíkt númer.

2. **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsíðu tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýslu til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

3. **Open Journal Systems (OJS)**

Stofnunin tók í gænið ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ);**
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics;**
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.

3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar og upplýsingar um þau rannsóknasvið sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýsla (www.irpa.is) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar (www.vol.hi.is).

Í árslok hóf stofnunin að birta „vinnupappíra“ (e. working papers) fræðimanna á vefsíðu sinni. Um er að ræða handrit að tímarits- og/eða ráðstefnugreinum sem enn eru á vinnslustigi og hafa því

ekki farið í gegnum ritrýniferli, en viðfangsefni þeirra eru á sviðum stjórn mála- og stjórnsýslufræða. Allir vinnupappírar fá sér númer og útgáfan er með skráð ISSN númer. Vinnupappírarnir birtast á vefsíðunni undir „útgáfa“.

4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni liðandi stundar

4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Allt frá stofnun hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Bæði er boðið upp á staðnám og fjarnám með streymi í rauntíma, en með undantekningum í námskeiðum þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni. Stofnunin stóð fyrir 10 fræðsluviðburðum á árinu: níu námskeiðum og einu lokuðu námskeiði fyrir starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að beiðni sviðsins. Eitt nýtt námskeið var í boði á árinu 2018, en sem fyrr stóð stofnunin fyrir föstum námskeiðum á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við forsætisráðuneytið og Félags forstöðumanna með liðveislum og stuðningi Umboðsmanns Alþingis.

Alls sóttu 571 manns námskeið stofnunarinnar á árinu sem var um 5% aukning frá fyrra ári. Í viðauka 1 má einnig sjá yfirlit yfir námskeiðin.

Á árinu 2018 var í 14. Skipti haldið sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður og aðalkennari þess árið 2018 var Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru sérfræðingar frá Umboðsmanni Alþingis.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi sex hálf dags námskeið á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við stofnunina á árinu. Fyrst skal nefna árlegu námskeiðin sem alltaf eru vel sótt: *Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna* (sem áður hét; *Upplýsingaréttur almennings: Úrlausn lagalegra álítaefna*), *Undanþáguákvæði upplýsingalaga*, sem kom nýtt inn árið 2017, *Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum?*, *Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna?* sem haldin voru í febrúar og mars. Í apríl var haldið námskeiðið *Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin?* Í janúar kenndi Kjartan nýtt námskeið um *#Metoo og lögin: Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni?* Aðsókn að námskeiðinu var mjög góð, í raun fjölmennasta námskeið stofnunarinnar hingað til, og því ákveðið að bjóða aftur upp á það sem síðdegisnámskeið um miðjan febrúar og var það haldið tvisvar í október, í byrjun október og um miðbik mánaðarins. Að auki skipulagði stofnunin í samstarfi við Kjartan Bjarna sérstakt námskeið um tjáningarfrelsi fyrir starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að beiðni sviðsins. Námskeiðið var haldið um miðjan nóvember.

Um miðjan apríl skipulagði stofnunin í annað sinn námskeið um *áfallstjórnun (e. crisis management)*. Umsjónarmaður og fyrirlesari námskeiðsins var Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórn málafræði og cand. oecón. í viðskiptafræði, en hún hefur sinnt rannsóknum og kennslu í áfallstjórnun hér á landi, í Svíþjóð, í Bandaríkjunum og verið gestaprófessor við Kýótó háskólann

í Japan. Viðtökur við námskeiðinu voru mjög góðar og ákveðið var að hafa það árlega á meðan þátttaka er næg.

Stofnunin stóð fyrir námskeiði um upplýsingaöryggi: *Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd ábættumats og ábættumæðferð* í október. Umsjónarmaður og fyrirlesari námskeiðsins var Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari í stjórnsýslufræðanáminu hjá Stjórn málafræðideild HÍ. Viðfangsefni námskeiðsins kemur inn á auknar skyldur og ábyrgð opinberra aðila sem vinna með persónuupplýsingar og ríkari kröfur um persónuvernd í nýrri Evrópureglugerð. Námskeiðið var skipulagt sem tveir hálfir dagar og var aðsókn að mjög góð eins og árið 2017. Námskeiðið var því endurtekið í nóvember.

4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Stofnunin lagði sem fyrr áherslu á að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórn mála og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála. Alls sóttu um 264 manns þessa gerð viðburða á árinu 2018, sem voru:

- **Small State, Big Impact?** Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga 21. mars. Fyrirlesari var Page Wilson, dósent í stjórn málafræði.
- **Tvö andlit ráðherra - Pólitískur ráðherra sem æðsti yfirmaður stjórnsýslunnar.** Aðalfundur og málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF) haldið í HÍ 12. apríl í samstarfi við stofnunina. Framsöguerindi flutti Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðjúntkt við lagadeild Háskóla Íslands og doktorsnemi í réttarheimspeki við Oxford háskóla. Önnur erindi fluttu: Henry Alexander Henrysson, aðjúntkt við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Siðfræðistofnun, og Svanhildur Hólm Valsdóttir, lögfræðingur og aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra.
- **Alræði í Evrópu: Þrjár rannsóknir.** Opinn fundur haldinn 26. apríl. Fyrirlesari var Hannes H. Gissurarson, prófessor í stjórn málafræði.
- **Kosningar til sveitarstjórna 2018.** Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga 17. maí. Fyrirlesarar voru: Grétar Þór Eypórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, og Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.
- **Ráðstefna vegna útgáfu sérheftis um vald og lýðræði í íslensku samfélagi.** Útgáfuráðstefna í tilefni af sérhefti um Vald og lýðræði haldin 31. maí. Höfundar greina kynntu efni greina sinna.
- **Afleiðingar og eftirköst efnahagshrunsins - 10 ár frá efnahruni.** Ráðstefna sem Félag stjórn málafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála stóðu að 15. júní. Auk fyrirlestra um meginefni ráðstefnunarinnar, veitti Félag stjórn málafræðinga verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir í stjórn málafræði sem skilað var á árinu 2017.

- Um hvað snérust bandarísku þingkosningarnar? Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga 12. nóvember. Með innlegg í panel voru þau Friðjón R. Friðjónsson, almannatengill og framkvæmdastjóri KOM, Sigrún Ólafsdóttir prófessor í félagsfræði og Silja Bára Ómarsdóttir dósent í stjórn málafræði, báðar við HÍ.

4.3 Morgunverðarfundir

Stofnunin hefur, sem fyrr segir, átt mjög fjarsælt samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) mörg undanfarin ár með það að markmiði að efla fræðslu og umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Fastur liður í þessu samstarfi hefur verið að standa reglulega fyrir morgunverðarfundum um málefni sem tengjast stjórnsýslufræðum og stjórnsýslu ríkisins. Fundirnir hafa verið vel sóttir, bæði af félagsmönnum FFR sem og af öðrum starfsmönnum í stjórnsýslunni, hjá samtökum og einkafyrirtækjum. Tveir morgunverðarfundir voru haldnir árið 2018 og sóttu um 242 manns morgunverðarfundina þetta árið sem voru:

- Hvernig má efla nýsköpun í opinberum rekstri ríkis og sveitarfélaga? Morgunverðarfundur haldinn 25. janúar í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Ríkisendurskoðun og skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti. Innlegg fluttu þau Gestur Páll Reynisson sérfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, Marta Birna Baldursdóttir sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Gylfi Dalmann dósent við viðskiptafræðideild HÍ og Nikolaj Lubanski höfundur bóka um opinbera nýsköpun, forstöðumaður hjá Copenhagen Capacity Talent Department og stundakennari við HÍ. Auk þeirra kynntu dæmi um nýsköpun í opinberum rekstri þau: Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri, Björn Logi Þórarinsson taugasérfræðingur, Anna María Þorkelsdóttir Hólabrekkuskóla, Þór G. Þórarinsson Velferðarráðuneyti og María Rut Kristinsdóttir fv. starfsmaður Dómsmálaráðuneyti.

- Hvernig ætla opinberir aðilar að mæta framtíðaráskorunum? Morgunverðarfundur haldinn 16. nóvember í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneytið. Framsögumenn: Smári McCarthy alþingismaður og formaður framtíðarnefndar forsætisráðherra, Karl Friðriksson forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og forsvarsmáður Framtíðarseturs Íslands, Duncan Cass-Beggs, forstöðumaður Strategic Foresight Unit hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrktarsamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum, og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar árið 2018 voru rétt tæpar 36,2 milljónir sem skiptast á fimm rekstrareiningar: almennur rekstur (24 milljónir); rannsóknareikningur Valds- og lýðræðisrannsóknar (engar nýjar tekjur á árinu); rannsóknareikningur Rannsóknaseturs í fjölmiðlun og boðskiptum (engar nýjar tekjur á árinu), rannsóknareikningur Lögmætisrannsóknar (6,6 milljónir), Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál (4 milljónir); og tímaritið Stjórnsmál & stjórnsýsla (1,6 milljónir). Skráð heildarútgjöld voru rétt um 40,2 milljónir króna. Staðan á meginrekstrarreikningum stofnunarinnar (almennur rekstur og tímaritið) í árslok 2018 var því jákvæð upp á 2,1 milljón króna.

Nánari greiningu á rekstri og fjármálum stofnunarinnar árið 2018 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar með kynningu á yfirliti yfir starfsemi stofnunarinnar árið 2018.

Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2018

Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:

25. janúar: Hvernig má efla nýsköpun í opinberum rekstri ríkis og sveitarfélaga? Morgunverðarfundur haldinn 25. janúar í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Ríkisendurskoðunar og skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

21. mars: Small State, Big Impact? Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

12. apríl: Tvö andlit ráðherra - Pólitískur ráðherra sem æðsti yfirmaður stjórnsýslunnar. Aðalfundur og málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF) í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

26. apríl: Alræði í Evrópu: Þrjár rannsóknir. Opinn síðdegisfundur haldinn í samstarfi við Hannes Hólmstein Gissurarson, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

17. maí: Kosningar til sveitarstjórna 2018. Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

31. maí: Ráðstefna vegna útgáfu sérheftis um vald og lýðræði í íslensku samfélagi. Útgáfuráðstefna í tilefni af sérhefti um Vald og lýðræði.

15. júní: Afleiðingar og eftirköst efnahagshrunsins - 10 ár frá efnahruni. Ráðstefna sem Félag stjórn málafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála stóðu að.

21. júní: Kynning og útgáfuboð tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla.

12. nóvember: Um hvað snérust bandarísku þingkosningarnar? Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

16. nóvember: Hvernig ætla opinberir aðilar að mæta framtíðaráskorunum? Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneytið.

13. desember: Kynning og útgáfuboð tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla.

Námskeið:

21. janúar: #Metoo og lögin. Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

30. janúar - 8. mars: Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga haldið í samstarfi við Forsætisráðuneytið. Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Umsjón og aðalkennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

12. febrúar: #Metoo og lögin. Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni? (½ dagur - síðdegis). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

23. febrúar: Gildisvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

2. mars Undanþáguákvæði upplýsingalaga – Hvenær er skylt og hvenær er heimilt að gæta leyndar samkvæmt upplýsingalögum? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

8. mars: Hvernig á að standa að ráðningum hjá ríki og sveitarfélögum? haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

13. mars: Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna? haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

10. apríl: Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

12. – 13. apríl: Áfallstjórnun (Crisis management) haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórn málafræði og Cand. Oecon. í viðskiptafræði

5. október: #Metoo og lögin. Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

11. - 12. október: Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættu meðferð (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

15. október: #Metoo og lögin. Hver er réttarstaðan í málum um kynferðislega áreitni? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

15. - 16. nóvember: Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórnámál og stjórnáslá árið 2018.

Fræðigreinar sem birtust í sérhefti um vald og lýðræði í vefriti stofnunarinnar vorið 2018:

1. **Power and democracy in Iceland: An Introduction.** Ritstjóragrein: Guðmundur Heiðar Frímansson.
2. **The Icelandic power structure revisited.** Höfundur: Gunnar Helgi Kristinsson.
3. **Icelandic politics in light of normative models of democracy.** Höfundur: Vilhjálmur Árnason.
4. **A small state in world politics: Iceland's search for shelter.** Höfundur: Baldur Thorhallsson.
5. **Autonomy or integration: Historical analysis of the debate on the purpose of Icelandic local self-government.** Höfundur: Eva Marín Hlynisdóttir.
6. **Political cleavages, party voter linkages and the impact of voters' socio-economic status on vote-choice in Iceland, 1983-2016/17.** Höfundar: Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson.
7. **The politics of diversity: Social and political integration of immigrants in Iceland.** Höfundar: Þorgerður Einarsdóttir, Thamar M. Heijstra, og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.
8. **The role of parliament under ministerial government.** Höfundar: Indriði H. Indriðason og Gunnar Helgi Kristinsson.
9. **Public committees and corporatism: How does Iceland compare to Scandinavia?** Höfundur: Stefanía Óskarsdóttir.
10. **The Icelandic news media in times of crisis and change.** Höfundar: Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson.
11. **Political trust in Iceland: Performance or politics?** Höfundar: Sjöfn Vilhelmsdóttir og Gunnar Helgi Kristinsson.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar vorið 2018:

1. **Sýn Íslendinga á utanríkis- og öryggismál.** Höfundur: Silja Bára Ómarsdóttir.
2. **Internal Audit in the Public Sector – Comparative study between the Nordic countries.** Höfundar: Anna Margrét Jóhannesdóttir, Stina Nilsson Kristiansson, Niina Sipiläinen og Riikka Koivunen.
3. **Danska ríkisráðið og íslensk stjórnámál 1874–1915.** Höfundur: Birgir Hermannsson.
4. **Einkarekstur eða ríkisrekstur í heilsugæslu: Samanburður á kostnaði og ánægju með þjónustu.** Höfundar: Héðinn Sigurðsson, Sunna Gestsdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Kristján G. Guðmundsson.
5. **The influences of gender and income inequality on cross-national variations in lethal violence.** Höfundur: Margrét Valdimarsdóttir.

6. **Kynjajafnrétti í íþróttum – á ríkið að tryggja það?** Höfundar: María Rún Bjarnadóttir, Bjarni Már Magnússon, Hafrún Kristjánsdóttir og Margrét Lilja Guðmundsdóttir.
7. **Here to stay? The rapid evolution of the temporary staffing market in Iceland.** Höfundar: Gylfi Magnússon, Inga Minelgaite, Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar haustið 2018:

1. **Starfsstéttir og kosningahegðun á Íslandi: Hafði hrunið áhrif?** Höfundur: Agnar Freyr Helgason.
2. **„Að þreifa sig áfram í myrkrinu“: Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi.** Höfundar: Eva Harðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir.
3. **Samanburður á vinnustaðamenningu stofnana og fyrirtækja.** Höfundar: Þórhallur Örn Guðlaugsson, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Svala Guðmundsdóttir.
4. **Hefur hið opinbera mótað stefnu varðandi opin vinnurými? Upplifun opinberra starfsmanna.** Höfundar: Ásta Dís Óladóttir og Fjóla Kim Björnsdóttir.